

um frumvarp til laga um dýrtíðaruppbót handa embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs.

Nefndin hefir fallist á þá stefnu frumvarpsins, að sanngjart sje að bæta launakjör þeirra starfsmanna landssjóðs, er hafa mjög litlar tekjur, þar sem allar lífsnauðsynjar hafa hækkað mjög í verði vegna afleiðinga stríðsins.

Kaup annara lágt launaðra starfsmanna í landinu, svo sem verslunarfólks og verkafólks, bæði til sjós og sveita, mun yfirleitt hafa hækkað, og er því rjett og sanngjarnt, að landið sýni einhvern vilja á því, að greiða hinum lægst launuðu starfsmönnum sínum einhverja dýrtíðaruppbót.

En þótt nefndin hafi aðhylst stefnu frumvarpsins, að þessu leyti, þá vill hún þó draga nokkuð úr ákvæðum þess, hvað uppbótina snertir. Hún leggur til, að þeim mönnum sje slept sem hafa yfir 2000 kr. tekjur, og vill því fella 5. og 6. lið úr 2. grein frumvarpsins, og lækka greiðslu fyrir hvert barn, er embættis- eða sýslunarmaður á að framfæra, ofan í 10 kr. En hins vegar eru ekki nein takmörk sett fyrir því, hvað þessi hjálp geti mest orðið; það virðist nefndinni eiga að fara eftir því, hve mörg börn hver fjölskyldumaður hefir fram að færa.

Hvað snertir einhleypa menn, þá sjer nefndin ekki ástæðu til að veita þeim dýrtíðaruppbót sem hafa yfir 1500 kr. tekjur, og jafnframt leggur hún til, að uppbót sú, er í frumvarpinu stendur, sje lækkuð, þannig, að þeim er hafa 500—1000 kr. verði eigi veitt meira en 10% af launaupphæðinni, og þeir er hafa 1000—1500 kr. fái að eins 5% í uppbót. Getur nefndin ekki betur sjeð, en að slíkir menn sjeu þó allvel haldnir, í samanburði við lágt launaða og fátæka fjölskyldumenn.

Þá leggur nefndin til að burtu falli 3 fyrstu málsgreinar 6. gr., með því að hún verður að álita, að best fari á því að öllum sýslunar- og embættismönnum, sem hafa sömu tekjur, sje gjört jafnt undir hötði, og að það verði helst á þann hátt, að þeir heyri allir undir ákvæði þau, er standa í 2. og 3. gr.

Nefndin hefir reynt að gjöra sjer grein fyrir því, hve mikill kostnaður verður við þessa dýrtíðaruppbót, en þar sem ekki voru fyrir hendi ábyggilegar skýrslur um það, hve margir myndu falla undir ákvæði frv., þá er ekki unt að staðhæfa neitt um kostnaðinn.

Þó býst nefndin við því, eftir því sem næst verður komist, að ef tillögur hennar verða samþykktar, þá muni dýrtíðaruppbótin ekki fara mikið fram úr 12000 krónum, og er það að vísu ekki neitt stórfje, enda má búast við að sumum finnist, að uppbót þessi sje nokkuð við neglur numin, og skal það játað, að þessi litla uppbót er miðuð við það að eins, að draga úr bágindum þeirra, sem hafa erfíðan hag, en getur ekki orðið til að auka svo tekjur, að hægt sje að njóta allra þeirra þæginda, sem girnileg eru, og menn geta látið eftir sjer, þegar árar sem best, því til þess myndi þurfa meira fje en landsjóður væri fær um að láta úti, nú í bili.

Breytingartillögur við frumvarpið berum vjer fram á sjerstöku þingskjali, og ráðum háttv. deild til að samþykkja frv. með þeim breytingum.

Alþingi 5. september 1915.

Sigurður Gunnarsson,
formaður.

Þorleifur Jónsson,
skrifari og framsögum.

Hjörtur Snorrason.

M. J. Kristjánsson.

Stefán Stefánsson, Eyf.